

Ársskýrsla vísindanefndar 1999

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að rannsóknasjóði Háskólans. Skipulagt var nýtt úthlutunarferli þar sem faglegt mat var aðskilið úthlutun. Við úthlutunarvinnuna á árinu 1999 var síðan unnið samkvæmt þessu nýju úthlutunarferli.

Við faglega matið störfuðu þrjú fagráð: Fagráð heilbrigðisvísinda, fagráð hug- og félagsvísinda og fagráð verk- og raunvísinda. Í hverju fagráði voru u.þ.b. 5 fulltrúar þar af einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Lögðu fagráð fram faglegt mat um allar umsóknir á sínu fagsviði. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan framkvæmdur af vísindanefnd. Við úthlutun var leitast við að styrkja sérstaklega góð verkefni eins vel og mögulegt var. Leiddi það til þess að meðalstyrkur úr rannsóknasjóði HÍ var hærri en áður, en jafnframt fjölgaði þeim umsóknum sem hafnað var.

Unnið var að skipulagi framhaldsnáms við HÍ og var einu sinni haldinn fundur með formönnum rannsóknánámsnefnda deilda. Voru þar m.a. ræddar hugmyndir um þjónustu við framhaldsnám við Háskólann. Vísindanefnd fjallaði og afgreiddi einnig reglur um skiptingu fjárveitingar til framhaldsnáms. Nefndin úthlutaði einnig sérstakri fjárveitingu til þriggja þverfaglegra námskeiða.

Þrír vísindamenn voru tilnefndir til verðlauna vegna árangurs í rannsóknum. Nefnd undir forsæti rektors valdi síðan Kesöru A. Jónsson og voru henni veitt verðlaunin á háskólahátíð í byrjun september.

Á vormánuðum vann vísindanefnd að drögum að rannsóknastefnu Háskólans. Var hún send til rektors í upphafi sumars. Vísindanefnd vann ásamt fjármálanefnd að álitum um rannsóknafjárveitingar til Háskólans.

Nefndin gaf umsögn um drög að reglum um mat á gæðum rannsókna, en eftir slíkri umsögn hafði verið óskað frá samstarfsnefnd háskólastigsins.

Vísindanefnd afgreiddi enn fremur hefðbundin mál eins og umsóknir um launaauka vegna lúkningar sérstaklega umfangsmikilla verkefna og umsóknir um lækkun kennsluskyldu nýráðinna kennara.